



Hafnarfirði 5. desember 2024

MFRI 2024-11-0386

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Efni: Blöndulína 3 - Ný efnistökusvæði, nr. 1412/2024: Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu). Umsögn.

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um ný efnistökusvæði vegna Blöndulínu 3 (nr. 1412/2024), vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í greinargerð Landsnets með fyrirspurn um matsskyldu, greinir frá framkvæmdum og mögulegum umhverfisáhrifum vegna tveggja nýrra efnistökusvæða í tengslum við framkvæmdir við byggingu Blöndulínu 3 (BL3). Um er að ræða tvö efnistökusvæði á vestasta hluta línuleiðarinnar, annað í Blöndudal (við Bollastaði, 8 ha, 50-100 þús m³), og hitt í Svartárdal (Stafn, 2 ha, 20 – 25 þús m³).

Vatnakerfi Blöndu í A-Húnavatnssýslu er meðal gjöfulustu lax- og silungsveiðisvæða landsins. Helsta hliðará árinna er Svartá. Meðalfjöldi villtra laxa sem gekk í vatnakerfið úr sjó árin 1982-2023 er 2.633 laxar á ári, en var minnst 678 laxar og mest 8.527 laxar. Einnig gengur umtalsvert af bleikju og urriða í vatnakerfið, auk þess sem þar er að finna staðbundna bleikju og urriða. Meðalfjöldi laxa sem veiddist í Svartá árin 1974-2023 var 285 laxar á ári. Meðalfjöldi skráðra silunga sem veiddust í Svartá árin 1990-2023 var 69 bleikjur og 62 urriðar.

Laxaseiði er að finna víða í Svartá, en þéttleiki þeirra er mestur á neðri hluta árinna en minni eftir því sem ofar kemur. Seiði bleikju og urriða er einnig að finna víða í ánni. Einnig eru uppeldissvæði seiða að finna öðrum ám vatnakerfisins, s.s. Auðólfstaðaá og Hlíðará. Metið hefur verið að tæplega fjórðungur búsvæða laxaseiða, á fiskgenga hluta vatnakerfisins, sé í Svartá, í Auðólfstaðaá 1,12% og 0,03% í Steiná.

Efnistökusvæði:

Efnistökusvæði við Bollastaði er nokkuð fjarri farvegi Blöndu. Ráðgerð efnistaka er úr sendnum og malarkenndum jökulruðningi á svæði sem einkennist af hrjóstrugum melum með grónum lautum inn á milli. Ekki er líklegt að framkvæmdir við efnistöku úr námunni muni hafa áhrif á lífríki ferskvatns, miðað við fyrirliggjandi forsendur og gerir Hafrannsóknastofnun ekki sérstakar athugasemdir við efnisvinnslu úr námunni.

Náma í Svartárdal er úr eyrum Svartár sunnan við bæinn Stafn. Um er að ræða gróna eyri sem stendur um 0,5 – 1,5 m ofan við yfirborð Svartár. Svartá mun geta runnið yfir eyrina í flóðum. Þykkt vinnslulags er áætlað um 1-1,5 m.

Í greinargerðinni er fjallað nokkuð um uppeldissvæði laxaseiða, en minna um mikilvægi uppeldis á bleikju og urriða. Segir í greinargerðinni að fram komi að öllum niðurstöðum beri saman um að efnistökusvæðið sé á mörkum þess svæðis sem hægt er að kalla búsvæði lax, enda endi laxveiðisvæði árinna 5 km neðar og ofar í ánni sé það bleikja sem sé ríkjandi tegund.



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Í greinargerðinni segir um hversu afturkræf framkvæmdin sé: „Stafn: Óvíst er hvort Svartá nái að brjóta sér leið inn á efnistökusvæðið, en það er ólíklegt sökum þess að vegurinn og brúarstæði beina ánni frá eyrinni. Þá má skipuleggja efnistökkuna með þeim hætti að draga megí úr líkum á því að farvegur Svartár nái inn á efnistökusvæðið. Líklegt er þó að einhverjar breytingar verði á eyrinni en með tímanum munu þær fá á sig náttúrulegt yfirbragð, líklegt er að áin fylli upp í holur og jafni út eyrina í leysingarflóðum.“

Einnig segir varðandi helstu áhrif framkvæmdanna á vatnlíf: „Gætt verður þess að taka ekki efni úr virkum farvegi Svartár. Eitthvað grugg gæti borist út í ána, en þar sem jarðvegurinn er svo til hrein möl og sandur og lítið um lífrænt efni þá er það talið minniháttar og staðbundið. Efnistökusvæðið er 5 km fyrir ofan efsta stað á laxveiðisvæði árinna og á mörkum búsvæði laxa. Því eru áhrif á laxveiði og laxastofn árinna hverfandi efnokkur. Áin gæti brotið sér leið inn á eyrina, en vegur og brúarstæði beina rennslinu frá eyrinni svo það yrði tímabundin breyting þangað til að farvegurinn jafnar sig aftur, líklega strax í næstu leysingarflóðum.“

Í fyrri málsgreininni segir að óvíst sé hvort Svartá nái að brjóta sér leið inn á efnistökusvæðið, en í þeirri seinni að áin gæti brotið sér leið inn á eyrina. Á fyrri stigum lagðist Skipulagsstofnun gegn því að notast yrði við þrjú efnistökusvæði í Svartá (BAN-45, BAN-64, BAN-101), vegna mögulegra áhrifa á fiskgengd og veiði.

Niðurstaða:

Fram kom í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3 (202201115) að efnistaka úr Svartánni sjálfri hafi mjög neikvæð áhrif á lífríki og fiskstofna. Í ljósi þess var lagst gegn efnistöku á þremur efnistökusvæðum eins og áður kom fram.

Hafrannsóknastofnun telur að framkvæmdaaðili geri ekki fullnægjandi grein fyrir því hver neikvæð áhrif geta orðið á fiskstofna Svartár vegna efnistöku úr eyrum árinna. Hér er rétt að benda á að þó vissulega sé viðkomandi svæði staðsett við þann hluta árinna þar sem minna er orðið um uppeldi laxaseiða, finnast laxaseiði á þessu svæði. Einnig verður að gera þá kröfu að tekið sé tillit til annarra fisktegunda og annars lífríkis í vatni. Má þar nefna bleikju, sem er að finna á þessu svæði, en stofnstærðir hennar hér á landi hafa minnkað á síðustu árum og því enn mikilvægara að gætt sé vel að stofnunum.

Miðað við uppgefna hæð eyrarinnar yfir vatnsborði Svartár (0,5-1,5 m) og fyrirhugaðri efnitökudýpt (1-1,5 m) verður ekki annað séð en að verulegar líkur séu til að áin brjóti sér leið inn á svæðið við aukið rennsli. Mikil hætta er þá á að áin brjóti úr eyrinni með tilheyrandi flutningi á möl og sandi, auk gruggs. Samhliða því gætu orðið breytingar á farvegi og bökkum ofan og/eða neðan efnistökusvæðisins. Einnig er vert að árétta að við framkvæmdir nærri og í straumvatni, getur áhrifa gætt langt út fyrir framkvæmdastað. Það á t.d. við um breytingum á farvegi ofan efnistökusvæðis vegna efnisflutninga niður á námsvæðið og einnig neðan efnistökusvæða vegna efnisflutninga, bakkabrots og möguleg mengandi efni sem berast frá framkvæmdasvæði.

Hafnarannsóknastofnun telur að framkvæmdaaðili þurfi að gera betri grein fyrir því á hvaða forsendum mat hans sé að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á lífríki Svartár. Einnig hvernig fylgst verði með áhrifunum á framkvæmdatíma og vöktun á ástandi lífríkis í framhaldinu. Einnig hver áhrif framkvæmdanna gætu



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

orðið á vatnsformfræðilega þætti, s.s. efnisskrið og bakkabrot í ljósi mismunandi sviðsmynda. Þá er ekki gerð grein fyrir öðrum mögulegum efnistökusvæðum sem komið geta í staðinn.

Rétt er að benda á að Hafrannsóknastofnun mælir ekki með efnistöku úr virkum farvegi vatnsfalla og hvetur til að leitað sé efnistöku utan þeirra. Eins og fyrr segir, að í ljósi hæð eyrarinnar og dýpt efnistöku, er verulegar líkur á að námasvæðið verði innan virks farvegs árinna, a.m.k. við aukið rennsli. Af myndum í greinargerðinni að dæma, virðist farvegurinn og árbakkar vera stöðugir á þessu svæði árinna. Mikilvægt er að framkvæmdaaðili geri grein fyrir hvernig tryggt verði að efnisnámið hafi ekki neikvæð áhrif á það.

Hafrannsóknastofnun er rannsókn- og ráðgjafarstofnun en fer ekki með leyfisveitingar.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Ingi R. Jónsson



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Hafnarfirði 29. ágúst 2025

MFRI 2024-11-0386

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Efni: Blöndulína 3 - Ný efnistökusvæði vegna Blöndulínu 3: Svör Landsnets við umsögnum um matsáætlun. Umsögn.

Skipulagsstofnun óskaði, með tölvupósti 21. ágúst 2025, eftir afstöðu Hafrannsóknastofnunar varðandi svör Landsnets (dagsett 19. janúar 2025) við umsögn Hafrannsóknastofnunar (dagsett 5. desember 2024) vegna efnistöku á áreyrum Svartár vegna Blöndulínu 3. Einni hvort það sé mat Hafrannsóknastofnunar að ástæða sé til að þetta efnistökusvæði undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Hafrannsóknastofnunar vísar til fyrri umsagnar stofnunarinnar um efnistöku frá 5. desember 2024 og þau sjónarmið sem þar koma fram. Mat á umhverfisáhrifum vegna efnistökkunnar myndi líklega ekki bæta verulega við þá þekkingu sem nú þegar liggur fyrir um möguleg áhrif hennar á lífríki Svartár.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Ingi Rúnar Jónsson

N Á T T Ú R U F R Æ Ð I S T O F N U N

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. desember 2024
Málsnúmer: 202411-0036
LA

Efni: Tvö ný efnistökusvæði vegna Blöndulínu 3. Matsskyldufyrirspurn.

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dags. 21. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna tveggja efnistökusvæða á vestasta hluta línuleiðar Blöndulínu 3. Helstu markmið og forsendur fyrir þessum nýju efnistökusvæðum eru að afla nauðsynlegs jarðefnis fyrir framkvæmdir við Blöndulínu 3. Önnur efnistökunáman er sunnan við bæinn Bollastaði í Blöndudal nánast undir fyrirhugaðri línuleið Blöndulínu 3. Jarðefni eru sendinn og malarkenndur jökulruðningur og gert er ráð fyrir 8 ha vinnslusvæði með 50-100 þús. m³ af efni. Hin náman er við Svartá í Svartárdal sunnan við bæinn Stafn þar sem brú þverar ána. Jarðefnið er áreyrarmöl og er vinnslusvæðið tæpir 2 ha með 20-25 þús. m³ af efni. Þó að efnistaka hafi verið stunduð á báðum svæðum eru þau ekki skilgreind sem slík í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Um tímabundna efnistöku er að ræða.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð með matsskyldufyrirspurn. Fyrirhuguð efnistökusvæði eru ekki innan svæðis á náttúruverndarskrá eða njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Á báðum efnistökusvæðunum er vinnslulag eingöngu um 1-2 m að þykkt sem veldur því að umfang efnistöku á yfirborði verður meira, en hins vegar verða námurnar grunnar og því líklegt að auðveldara sé að jafna yfirborð þeirra eftir að efnistöku lýkur.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir og telur ekki þörf á að efnistökusvæðin fari í mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin mælist til þess að efnistökunni verði áfangaskipt, sérstakleg á námasvæðinu við Bollastaði, og að frágangur verði til fyrirmyndar.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 18. desember 2024
Tilv.2024-11-22-1421

Efni: Varðar umsögn um ný efnistökusvæði vegna Blöndulínu 3

Með erindi úr Skipulagsgátt dags. þann 21. nóvember 2024, leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhuguð ný efnistökusvæði vegna Blöndulínu 3. Málið er nú í umsagnarferli og er nr. 1412/2024.

Í greinargerð Landsnets vegna fyrirspurnar um matsskyldu, er greint frá framkvæmdum og mögulegum umhverfisáhrifum vegna þessa nýju efnistökusvæða í tengslum við framkvæmdir við byggingu Blöndulínu 3 (BL3). Um er að ræða tvö efnistökusvæði á vestasta hluta línuleiðarinnar, annað í Blöndudal (við Bollastaði, 8 ha, 50-100 þús m³), og hitt í Svartárdal (Stafn, 2 ha, 20 – 25 þús m³).

Fiskistofa tekur undir og vísar til umsagnar Hafrannsóknastofnunar sem gefin var í málinu þann 5. desember 2024. Mælt er gegn efnistöku úr virkum farvegi vatnsfalla og hvatt til þess að leitað sé efnistöku utan þeirra. Ekki er talið að framkvæmdaaðili hafi gert fullnægjandi grein fyrir því hver neikvæð áhrif geti orðið á fiskstofna, lífríki og vatnsgæði Svartár og einnig er talið að framkvæmdaaðili þurfi að gera betri grein fyrir því a) á hvaða forsendum mat hans sé að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á lífríki Svartár, b) hvernig fylgst verði með áhrifunum á framkvæmdatíma og vöktun á ástandi lífríkis í framhaldinu, og c) hver áhrif framkvæmdanna gætu orðið á vatnsformandi þætti.

Fiskistofa bendir á að lokum að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Sækja má um leyfi með rafrænum hætti á vefsíðu Fiskistofu: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>. Einnig er vakin athygli á því að með umsókn skal fylgja álit viðkomandi veiðifélags og umsögn sérfræðings vegna hugsanlegra áhrifa framkvæmda á lífríki árinna eða aðstöðu til veiði.

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu


Hera K. Aradóttir
Sérfræðingur á lax- og silungsveiðisviði



Skipulagsstofnun ríkisins
skipulagsgátt

Efni: Umsögn heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra um Blöndulínu 3, Mál nr.1412/2024.

Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á grundvelli laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrif og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum um vegna Blöndulínu 3, Mál nr 1412/2024.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra telur mikilvægt að gæta sérstakrar varkárni þegar farið er í efnistöku úr virkum farvegi vatnsfalla vegna hættu á megnun vatns. Tæki þurfa að vera lekaskoðuð og heil og engan olíuleka má finna. Ef slíkt gerist þarf að bregðast við samkvæmt reglugerð nr 799/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerð nr 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Virðingarfyllst

Sigríður Hjaltadóttir
Framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra



HÚNABYGGÐ
SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI
Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi

nr. erindis 2411043 BÞO

UMSÖGN HÚNABYGGÐAR

Á fundi byggðarráðs Húnabyggðar þ. 17. desember var tekið fyrir neðangreint erindi.

Efni: Ósk um umsögn vegna Blöndulínu 3-ný efnistökusvæði

Svofelld bókun var gerð:

Húnabyggð hafnar áformum um efnistöku úr áreyrum sunnan við bæinn Stafn og beinir þeim tilmælum til Landsnets að við framkvæmdir vegna BL3 verði tryggt að engin efnistaka verði úr virkum farvegi vatnsfalla þ.e. í og/eða við straumvatn. Húnabyggð bendir á umsögn Hafrannsóknarstofnunnar sem mælir ekki með efnistöku úr virkum farvegi vatnsfalla og hvetur til að leitað sé efnistöku utan þeirra. Umrætt vatnasvæði hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár hvað varðar afkomu laxfiska og allar framkvæmdir sem geta haft neikvæð áhrif á lífríki vatnasvæðisins eru óæskilegar að mati Húnabyggðar.



Blönduósi, 20. desember 2024

Byggingar- og skipulagsfulltrúi í Húnabyggðar.
bygg@hunabyggd.is